



## Hlutverk foringja

Helsta hlutverk foringja á mótinu er að vera skátunum innan handar samkvæmt þörfum skátanna. Einnig að gæta þess að skátarnir taki þátt í dagskrá, nærast og sinni persónulegu hreinlæti. Markmið mótsins er að skátarnir reki sína tjaldbúð án mikillar utanaðkomandi aðstoðar. Mótsstjórn mun tilnefna fyrir hvert þorp einn til tvo foringja sem öldung(a) þorpsins. Öldunginum er ætlað að vera skátunum innan handar við matreiðslu, fylgja þeim á þing og ráðleggja þeim til að tryggja heimsyfirráð síns þorps.

## Fararstjórn

Fararstjórnarfundir verða daglega á meðan á mótinu stendur klukkan 09:00 í mótsstjórnartjaldinu. Fyrsta daginn verður mótsstjórnarfundurinn klukkan 20:00.

## Sorp og flokkun

Á Hömrum er allt sorp flokkað. Mótsgestir fá poka undir lífrænt sorp. Hvert þorp fær soðdall undir fljótandi úrgang. Mótsgestum er bent á að flokka plast, pappa, fernur, málma og gler í þar til gerð ílát sem verða við salernisaðstöðu mótsins. Nánari leiðbeiningar um flokkun sorps verða veittar á staðnum.

## Tjaldbúðaskoðun

Fimmtudag, föstudag og laugardag verður tjaldbúðaskoðun klukkan 17:30. Ætlast er til þess að allir mótsgestir sem ekki eru í dagskrá séu í þorpinu sínu á þeim tíma. Farið verður yfir almennan umgang þorpsins, tjöld, frágang inni í tjöldum, eldhús þorpsins og öryggismál tjaldbúðarinnar ( stög valdi ekki slysaættu, verkfæri séu ekki á glámbekk, tryggilega sé gengið frá gasi, súrtingar séu traustar og vel frá þeim gengið).

## Hvatakerfi

Helsta hvatakerfi mótsins er gjaldmiðill sem er útbúinn sérstaklega fyrir mótið. Hvert þorp fær við upphaf mótsins ákveðna upphæð. Þorpin nota gjaldmiðilinn til að afla sér matar, og annara nauðsynja. Til að vinna sér inn gjaldeyri þurfa flokkarnir að taka þátt og ljúka dagskrá. Einnig verður hægt að vinna sér inn gjaldeyri með snyrtilegri tjaldbúð, staðgóðum máltíðum, og samfélagsverkefnum sem mótsstjóri gefur út.





## NÝTT UPPHAF

### Tjaldbúðir

Á mótinu er ætlast til þess að skátarnir séu eins sjálfstæðir og mögulegt er. Þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir að foringjar gisti inni í tjaldbúðunum sjálfum nema nauðsynlega þurfi. Á mótinu verða tvær tjaldflatir notaðar undir tjaldbúðapörp þátttakenda, með tveimur þörpum á hverri flöt. Gert er ráð fyrir að á hvorri flöt fyrir sig verði tjaldbúðir foringja, þar sem foringjar geta tjaldað og verið sínum skátum innan handar.

### Matarmál

Á mótinu er ætlast til þess að skátarnir sjái að mestu um sín matarmál sjálfir. Starfsmannaeldhús verður á svæðinu, fyrir foringja og aðra sjálfbóðaliða, og munu foringjar og starfsfólk skiptast á að aðstoða í mötuneytinu.

### Dagskrá

Á mótinu eru fjögur dagskrárbil. Orka, Þrauta og meta land, Klifur og sig, Akureyrardagskrá og ferðadagskrá. Við viljum bjóða foringjum að aðstoða við framkvæmd dagskrár, ef þeir geta. Verkefnalýsingar munu birtast síðar.

